

14. mars 2023

Laugarbakki

Fundur með landeigendum

Dagskrá fundar:

- Niðurstöður valkostagreiningar - Anna Sigga
- Matsáætlun og næstu skref - Erla Björg
- Þróun flutningskerfis raforku - Gnýr Guðmundsson

Spurningar úr sal með skáletruðu:

Er gert ráð fyrir að línuleið D tengist Laxárvatni eða Hrútatungu?

Ekki gert ráð fyrir því.

Spurt um lengdir á línunum, öllum leiðum.

Einnig spurt um þetta á fundi 13.3., gæti verið kostur að setja lengdir á línunum inn á kortið?

Af hverju var ekki fenginn rannsóknaraðili frá Norðvesturlandi?

Sama svar og við spurningu á fundi 13.3.

Mun umhverfismat skera úr um það hvaða leið verði farin? Er þetta ekki frekar prinsípál, hvort farið er um byggð eða heiðar?

og..

Hvernig geta landeigendur komið sínum athugasemdum á framfæri?

Erla og Anna Sigga svara: Senda umsagnir til Skipulagsstofnunar. Stuðst við niðurstöður umhverfismat við val á aðalvalkosti.

Spurt er – af hverju ekki jarðstrengur? Er það bara kostnaðurinn?

Svipuð svör og áður.

Ef ákveðið er að fara bláu leiðina, hvoru megin við gömlu línuna yrði farið með þá nýju?

Anna Sigga: Skoðað á hönnunarstigi. Ný lína er hærri og með færri möstur.